

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, á ráðstefnu
um líffræði. Haldin í húsakynnum deCODE, fimmtudaginn 26. október**

2017 kl. 16.00-16.10

Góðir ráðstefnugestir.

Fyrir hönd Háskóla Íslands býð ég ykkur velkomin á Líffræðiráðstefnuna 2017.

Líffræðiráðstefnan er stærsta ráðstefna sinnar tegundar sem haldin er hér á landi og hefur hún farið fram á tveggja ára fresti frá árinu 2009. Ráðstefnan er skipulögð af stjórn Líffræðifélags Íslands og er haldin í samstarfi við Verkfræði- og náttúruvísindasvið Háskóla Íslands, en fjölmargir aðrir samstarfsaðilar koma að ráðstefnunni þar á meðal innlendar stofnanir og fyrirtæki á borð við Íslenska erfðagreiningu, Medor, Hafrannsóknastofnun og Odda, auk Haxa, nemendafélags grunnema í líffræði við Háskóla Íslands.

Það er mér sönn ánægja að nota þetta tækifæri til að ræða stuttlega stöðu líffræði og lífvísinda innan Háskóla Íslands. Greinarnar eru afar mikilvægar fyrir Háskóla Íslands og íslenskt samfélag og stendur kennsla þeirra á öllum námsstigum, þ.e. grunn-, framhalds- og doktorsstigi, almennt vel þó svo að hlúa þurfi miklu betur að þeim fjárhagslega og styrkja innviði. Þessar greinar mynda eitt öflugasta rannsóknasvið

Háskóla Íslands og hefur náðst eftirtekarverður árangur í alþjóðlegum samanburði. Til marks um það má nefna að á nýjasta matslista Academic Ranking of World Universities, sem í daglegu tali er kallaður Shanghai-listinn og er annar tveggja virtustu akademísku matslista í heiminum, eru lífvísindi við Háskóla Íslands í 51.-75. sæti í heiminum og líffræði mannsins í sæti 301.-400. Þetta er sannarlega glæsilegur árangur starfsfólks og stúdenta skólans, enda samkeppnin gríðarlega hörð og í mörgum tilvikum ójöfn sé horft til stærðar og fjármögnunar þeirra erlendu háskóla sem við berum okkur saman við. Vissulega er þessi glæsilegi árangur ekki Háskóla Íslands einum að þakka, en skólinn á því láni að fagna að eiga öfluga samstarfsaðila bæði innanlands og utan. Einn mikilvægasti samstarfsaðilinn á sviði lífvísinda er Íslensk erfðagreining sem er eins og kunnugt er í fremstu röð á sínu sviði í heiminum. Það er því vel til fundið að Líffræðiráðstefnan 2017 skuli einmitt fara fram hér í höfuðstöðvum Íslenskrar erfðagreiningar.

Dagskrá Líffræðiráðstefnunnar í ár er vönduð og fjölbreytt og verður boðið upp öndvegis- og heiðurserindi, erindi í málstofum og veggspjaldakynningar. Þá verða haldnar hringborðsumræður um brýn viðfangsefni samtímans, mat á verðmæti náttúrunnar og lífríki uppsjávar, og loks verður boðið upp á örnámskeið þar sem hægt verður að skoða með smásjá plastagnir sem er að finna í fatnaði og

snyrtivörum, en plastmengum er ein mesta ógnin við lífríkið á okkar tímum og verða á ráðstefnunni kynntar leiðir til að draga úr henni.

Þá verða veittar tvær viðurkenningar á ráðstefnunni. Önnur þeirra er fyrir góðan árangur ungs vísindamanns og hin fyrir farsælan starfsferil, en hana hlýtur vísindamaður sem hefur lagt af mörkum mikilsvert framlag og unnið frumkvöðlastarf á sviði náttúruverndar og verður hann kynntur hér á eftir.

Kjarni ráðstefnunar er kynning á þeim fjölbreyttu rannsóknum á sviði líffræði sem stundaðar eru hérlandis. Spanna þær allt sviðið frá stærstu lífkerfum til stakra kirnabreytinga í genum, frá sérstöðu einstakra lífvera til lögmála alls lífríkisins. Þótt margar þessara rannsókna fjalli um íslensk viðfangsefni hafa þær nær allar víðari fræðilega skírskotun, enda á lífríki jarðar og lögmál líffræðinnar sér í raun engin landamæri. Þátttakendur í málstofunum eru innlendir og erlendir sérfræðingar, en í ár verða fjölmörg erindi flutt á ensku og endurspeglar það sístækkandi hóp erlendra vísindamanna sem starfa við Háskóla Íslands og í fyrirtækjum og stofnunum á sviði líffræðirannsókna hérlandis. Einnig hefur fjöldi erlendra sérfræðinga komið hingað til lands í þeim tilgangi að taka þátt í ráðstefnunni og býð ég þá sérstaklega velkomna.

Það er ánægjulegt að fylgjast með þeirri vitundarvakningu sem hefur orðið hvarvetna í þjóðfélaginu varðandi náttúruvernd. Heimili, skólar, stofnanir og fyrirtæki taka sér í síauknum mæli fyrir hendur að flokka úrgang, rafbílum fjölga á götunum og æ fleiri gera sér grein fyrir þeirri ógn sem plastmengun er umhverfinu. Umhverfisvernd er orðin hluti af lífsstíl fjölda fólks og mikilvægt er að við höldum vöku okkar í þeim efnum og hvetjum komandi kynslóðir til frekari dáða. En það er ekki nóg að vita og kenna, heldur verðum við sjálf að sýna gott fordæmi með eigin breytni. Því er Líffræðiráðstefnan 2017 umhverfisvæn ráðstefna þar sem kappkostað er að nota ekki plastvarning. Notahlutir á ráðstefnunni, s.s. glös, bollar, kaffihrætur, diskar og gafflar, eru plastlausir, umhverfisvænir og niðurbrotanlegir. Nafnspjöld eru að vísu úr plasti en þau hafa verið endurnýtt frá fyrri ráðstefnum og eru því margnota.

Góðir gestir, ég vona að þið eigið lærdómsríkar og ánægjulegar stundir í vændum og segi Líffræðiráðstefnuna 2017 setta.

Takk fyrir.